

17. okt. 2016


Bréfalykill: D - 723

Reykjavík 14. október 2016

Eftirfarandi bókun var gerð af hverfisráði Kjalarness á fundi ráðsins fimmtudaginn 13. október 2016:

„Hverfisráð Kjalarness fagnar því að hægt sé að nýta þetta húsnæði í þetta þarfa verkefni en hefur verulegar áhyggjur af því að sú skelfilega samgöngubjónusta sem hefur verið í boði fyrir fólk í leit að alþjóðlegri vernd í Arnarholti verði leikin eftir fyrir þá sem koma til með að dvelja í Víðinesi. Hverfisráð telur alls ekki koma til greina að fólk í leit að alþjóðlegri vernd komi til með að dvelja þarna nema að tilvonandi íbúum verði tryggð öruggar samgöngur eftir þörfum íbúanna. Reynslan frá Arnarholti kennir okkur að það er lykilatriði að samgöngur séu öruggar og á forsendum þeirra sem nýta þær og sem dæmi má nefna að um 20 manns ganga daglega Brautarholtsveginn sem er einbreið og óupplýst umferðargata án göngustígs fyrir kl. 7 á morgnana til að ná strætisvagni.“

Fyrir hönd hverfisráðs Kjalarness:



Þorvaldur Guðjónsson

Verkefnastjóri félagsauðs og frístunda

Miðgarði, þjónustumiðstöð Grafarvogs og Kjalarness